

Fundargerð 56. fundar skráningarráðs Gegnis, miðvikudaginn 10. nóvember 2010, haldinn í Borgarbókasafni Reykjavíkur, kl. 9.00-11.00

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður), og Sigrún J. Marelsdóttir (fundarritari). Auk þeirra sat fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis.

1. Fundargerð 55. fundar. – Fundargerðin lesin og samþykkt.

2. Hljóðbækur sóttar á vef. Í samræmi við niðurstöður vinnuhóps um skráningu hljóðbóka var ákveðið að heimagerðar hljóðbækur með efni af vefnum Hlusta.is og öðrum sambærilegum verði skráðar eins og aðrar hljóðbækur, 039 sviðinu er þó sleppt og einnig 856 sviðinu þar sem ekki er um rafrænan aðgang að ræða án lykilorðs. Hildur ætlar að hafa samband við forráðamenn Hlusta.is og koma á framfæri ábendingum um framsetningu efnis á vefnum, miðað við skráningarþarfir vegna Gegnis og senda leiðbeiningar á Vöndu. Málið verður kynnt á fræðslufundi skrásetjara.

3. Lyklun smásagnasafna. Ákveðið var að greiniskrá smásagnasöfn ef höfundar eru fleiri en einn.

4. Skráning á sýningarskrám. Sýningarskrár hafa ýmist verið skráðar á sama hátt og ráðstefnur, þ.e. með heiti sýningar í sviði 111.2 eða þær hafa verið skráðar á titil. Móta þarf skýrari reglur um skráninguna, en eftir að hafa skoðað leiðbeiningar á vef ARLIS/NA um skráningu á sýningarskrám má segja í stuttu máli að mælt sé með því að skrá ritið á titil ef listamennirnir eru fleiri en einn en á listamanninn ef hann er einn og það eru myndir af verkum hans. Skrá má á þann sem skrifar verkið ef hlutur hans er gerður áberandi í ritinu en það á aðallega við um listaverkabækur og stærri sýningarskrár. Sóley Hjartardóttir á Landsbókasafni ætlar að hafa samband við skrásetjara í Listaháskólanum og fleiri sem sýsla mikið með svona efni til að ræða þetta mál og setja viðmiðunarreglur.

5-6. Skráning á skýrslum ráðuneyta og skráning á lögum. Skýrslur ráðuneyta hafa verið skráðar ýmist á titil eða ráðuneyti. Ef um skýrslur tiltekinna ráðherra er að ræða hafa þær verið skráðar ýmist á viðkomandi ráðherra, ráðuneytið eða titil. Þetta þyrfti að samræma. Skráningu á lögum þyrfti einnig að samræma og ákveða hvenær á að skrá á stofnun. Ákveðið var að Hildur og Sigrún hefðu samband við þá skrásetjara sem málið helst varðar, þ.e. ráðuneyti og Alþingi og mynduðu starfshóp til að ræða málin og setja viðmiðunarreglur.

7. Önnur mál. Hildur skýrði frá bréfi Guðrúnar Kvaran, formanns Íslenskrar málnefndar, til Áslaugar Agnarsdóttur 3. október sl. en þar kemur fram að fjögurra ára starfstíma Íslenskrar málnefndar ljúki núna í haust og nefndin leggi því til að ný málnefnd og Landsbókasafn-Háskólabókasafn skipi nefnd til að ræða umritun úr rússnesku og e.t.v. öðrum málum sem fyrst.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.00 og næsti fundur ákveðinn 8. desember kl. 9.00